


Rangárþing ytra

Sveitarstjórn

Sveitarstjóri



Langekru, 19. september 2015


Virðulega sveitarfélag,

Ég undirritaður, Páll Ísleifsson, kt. 280846-4499, vil upplýsa sveitarstjórn að ég hef óskað eftir kaupum á erfðaábýlisjörð minni, Langekru í Rangárþingi ytra, með vísun til VII. kafla jarðalaga nr. 81/2004, sbr. einnig ákvæði II. til bráðabirgða við ábúðarlög nr. 64/1976. Ég hef óskað eftir því að úttekt fari fram sem fyrst, af þessu tilefni, enda hentast að taka jörðina út áður en vetrar.

Af þessu tilefni óska ég eftir því að sveitarstjórn láti mér í té yfirlýsingu í samræmi við 3. tl. 37. gr. jarðalaga, þ.e. um að ég hafi „setið jörðina vel og að sveitarstjórn mæli með því að [ég] fái jörðina keypta. Í yfirlýsingu sveitarstjórnar skulu koma fram upplýsingar um hvort ábúandi eigi þar lögheimili og búi á jörðinni, hvaða starfsemi sé á jörðinni, hvert sé ástand mannvirkja, hvernig jörðin hefur verið setin og önnur atriði sem sveitarfélög óska eftir að taka fram.

Ég leyfi mér að óska eftir því að yfirlýsing þessi verði látin í té við fyrsta hentugleik, en ég er reiðubúinn að láta í té allar umbeðnar upplýsingar af þessu tilefni.

Með bestu kveðju,

 2808464499

Páll Ísleifsson